



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. apríl 2020

USK2019030025

5.2

Borgarráð

Tryggvagata endurgerð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurgerð Tryggvagötu.

Áætlaður framkvæmdatími er á árunum 2020 og 2021. Kostnaðaráætlun 2 er 450 mkr.

Greinargerð:

Um er að ræða endurnýjun Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Grófinni. Þá verða einnig endurgerð Naustin milli Tryggvagötu og Geirsgötu.

Verkinu er skipt í tvo framkvæmdaráfanga: Á árinu 2020 er áætlað að unnið verði frá Pósthússtræti og að Naustum ásamt Naustum milli Tryggvagötu og Geirsgötu. Á árinu 2021 er svo áætlað að unnið verði frá Naustum að Grófinni.

Verkið er samstarfsverkefni með Veitum ohf vegna endurnýjunar á lagnakerfum.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2: 450 mkr

Kostnaðarstaður: 3105

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds


Hjálagt:

- Yfirlitsmynd

- Yfirlit yfir verkið

TRYGGVAGATA

YFIRLITSMYND



Verkáfangar
2017-2019
Tryggvagata
Bæjartorg /
Steinbryggja



ENDURGERA Á TRYGGVAGÖTU FRÁ PÓSTHÚSSTRÆTI AÐ NAUSTUM ÁRIÐ 2020. EINNIG VERÐA ENDURGERÐ NAUSTIN MILLI GEIRSGÖTU OG TRYGGVAGÖTU. ÁRIÐ 2021 VERÐUR TRYGGVAGATA FRÁ NAUSTUM AÐ GRÓFINNI.

TRYGGVAGATA
YFIRLIT
YFIR
VERKIÐ

- ALLT YFIRBORD GATNA VERÐUR ENDURNÝJAÐ
- VATNS- OG FRÁVEITULAGNIR VERÐA ENDURNÝJAÐAR EFTIR ÞVÍ SEM ÞÖRF ER Á
- GÖNGULEIÐIR VERÐA HELLULAGÐAR
- GATNAMÓT VERÐA UPPHÆKKUÐ OG STEINLÖGÐ
- SNJÓBRÆÐSLA VERÐUR LÖGÐ Í GÖNGULEIÐIR, TORG OG UPPHÆKKUÐ GATNAMÓT
- GERT VERÐUR TORG FRAMAN VIÐ TOLLHÚSIÐ MEÐ BEKKJUM, GRÓÐRI OG BÚNAÐI SEM BÝR TIL ÞOKUMÓÐU
- BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR VERÐA NOTAÐAR AÐ HLUTA
- HJÓLABOGUM VERÐUR KOMIÐ FYRIR Á NOKKRUM STÖÐUM

TRYGGVAGATA VERÐUR EINSTEFNA TIL VESTURS. ENGIN ALMENN BÍLASTÆÐI VERÐA EFTIR FRAMKVÆMDIRNAR EN STÆÐI VERÐA FYRIR HREYFIHAMLAÐA OG VÖRULOSUN. BÍLASTÆÐI TOLLHÚSSINS VERÐA ÁFRAM VESTAN VIÐ HÚSIÐ.